

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 10. ágúst 2015
UST201507-114/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Náma – Sæluhúsahæðir. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 15. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Ráðgert er að taka um 20.000 m³ af burðarlags- og klæðningarefni úr lítt grónu klapparholti rétt sunnan Litla Brunnvatns við aflagðan hluta Kaldadalsvegjar sem nýtast mun sem námuvegur.


Náman er innan svæðis nr. 743 á náttúruminjaskrá. Verndargildi svæðisins telst fyrst og fremst vera Þingvallavatn og næsta umhverfi vatnsins. Ekki er talið að umrædd efnistaka muni hafa neikvæð áhrif á náttúruverndargildi svæðisins. Náman er einnig innan þess svæðis sem verndað samkvæmt lögum nr. 85/2005 um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Ekki er talið líklegt að umrædd efnistaka muni hafa neikvæð áhrif á Þingvallavatn eða vatnasvið þess.

Umhverfisstofnun telur að umrætt svæði henti að mörgu leyti vel til efnistöku sérstaklega m.t.t. aðkomu, tiltölulega góðrar aðstöðu við námuna og hversu auðvelt er að ganga frá námunni. Umhverfisstofnun telur að ef Vegagerðin ráðgerir frekari efnistöku úr þessari námu ætti að haga efnistökkunni þannig að ekki verði innsýn í námuna frá Kaldadalsvegi.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri